

Eru matvæli rétt merkt?

Danska matvælastofnunin birti nýverið niðurstöður rannsóknar sem sýndi að stór hluti matvælafyrirtækja þar í landi uppfyllir ekki reglur um merkingar og notkun aukefna í matvælum. Á vegum Matvælastofnunar (MAST) er undirbúningur hafinn að eftirlitsverkefni sem mun m.a. leiða í ljós hvort og hversu vel íslensk fyrirtæki standast kröfur um merkingar matvæla.

Eftirlitsverkefni dönsku matvælastofnunarinnar leiddi í ljós að hjá tæplega þriðjungu þeirra matvælafyrirtækja sem tekin voru til skoðunar voru aukefni ekki merkt, eða merkingin var gölluð, notað var meira magn aukefna en leyfilegt er eða notað voru aukefni sem ekki mátti nota í viðkomandi matvæli. Algengast var að fyrirtækjum láðist að merkja litarefni, rotvarnarefni og sætuefni á vörur sínar. Ástandið var verst meðal innflutningsfyrirtækja en rúmlega helmingur þeirra stóðst ekki kröfur um merkingar. Gerð var krafa um úrbætur og forráðamönnum matvælafyrirtækja gert að greiða fyrir eftirfylgni-
isheimsóknir. Fyrir grófari brot var áminning veitt eða dreifing vöru stöðvuð. Eitt mál var kært til lögreglu.

Grænmetisgrillbuff innkölluð

Niðurstöður dönsku rannsóknarinnar vekja spurningar um hvort ástandið sé svipað hér á landi. Ranglega merktar matvörur uppgötvast reglulega hérlendis. Sem dæmi áttu þrjár innkallanir sér stað í vikunni sem leið vegna merkinga: Grænmetisgrillbuff og kindakæfa voru innkölluð vegna skorts á merkingu þekktra ofnæmisvalda í innihaldslýsingu og engiferdrykkur var innkallaður vegna ólöglegar notkunar heilsu-
fullryðinga. Allar vörurnar voru framleiðdar og merktar af íslenskum matvælafyrirtækjum.

Skýrar og réttar merkingar eru mikilvægar til að neytendur geti valið milli matvæla eftir sínum þörfum og þannig stuðla þær að bættri heilsu þjóðarinnar. Rang-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Matvörur „Ranglega merktar matvörur geta hins vegar skapað lífshættulegt ástand hjá fólki með fæðuofnæmi,“ segir í greininni.

lega merktar matvörur geta hins vegar skapað lífshættulegt ástand hjá fólki með fæðuofnæmi.

Misjafnt er hversu vel neytendum gengur að skilja upplýsingar í merkingum og hversu duglegir þeir eru að nýta sér þær. Þar liggja ýmsar ástæður að baki. Meðal þeirra er óskýrt eða smátt letur, illa framsettar upplýsingar eða að fjöldi tungumála eða annarra merkinga gerir það erfitt að finna nauðsynlegar upplýsingar á umbúðum. Þetta eru atriði sem matvælafyrirtæki þurfa að hafa í huga.

Umfangsmiklar reglur

Líta má á reglur um merkingar sem ákveðnar leikreglur sem matvælafyrirtæki verða að fara eftir. Reglurnar eru vissulega umfangsmiklar og stundum flóknar, en um leið er mjög brýnt að matvælafyrirtæki kynni sér þær vel og fari eftir þeim. Neytendur eiga að fá réttar og skýrar upplýsingar í

merkingum og auglýsingum til að geta tekið upplýsta ákvörðun þegar þeir velja í matinn. Þeir eru ekki lengur að vinna matinn frá grunni heima eins og gert var áður fyrr, heldur treysta matvælafyrirtækjum til að framleiða fyrir sig tilbúna máltíðir, samlokur, álegg og fleira. Þess vegna verða upplýsingar um innihald að vera skýrar.

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga munu í janúar hefja eftirlitsverkefni til að kanna innihaldslýsingar matvæla og meta ástand merkinga hér á landi. Einnig verður farið í eftirlitsverkefni þar sem skoðaðar verða næringarfullryðingar og heilsufullryðingar í merkingum, kynningum og auglýsingum. Nánari upplýsingar um merkingar matvæla má finna á vef Matvælastofnunar: www.mast.is.

Jónína Þ. Stefánsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun.